



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

febrúar 2023

Kæru viðtakendur!

Í þessu Fréttabréfi er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í nóvember sl.

Góðar stundir!

Styrkur frá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA

KEA afhenti styrki úr [Menningar- og viðurkenningasjóði](#) félagsins þann 1. desember sl. og fór úthlutunin fram í Menningarhúsinu Hofi. AkureyrarAkademían fékk styrk í flokknum menningar- og samfélagsverkefni til þess að vera með fyrirlestra fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa á þessu ári. Markmið þeirra er að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni þar sem þekkingu er miðlað með aðgengilegum og áhugaverðum hætti og hafa fyrirlestrarnir verið fastur liður í starfsemi AkAk frá árinu 2016. Fyrirlestrarnir á þessu ári fara fram í apríl og maí og því næst í september og október. Við þökkum KEA kærlega fyrir stuðninginn!

Bakarís-fyrirlestrar

Það var góður hópur sem sótti fyrsta bakarís-fyrirlesturinn í verslunarmiðstöðinni við Sunnuhlíð þann 23. febrúar sl. til þess að hlusta á Huldu Sædís Bryngeirsdóttur, hjúkrunarfræðing og kennara við Háskólann á Akureyri, segja frá doktorsrannsókn sinni en hún byggir á viðtölum við íslenskar konur um þær leiðir sem þær fóru til að ná að eflast og vaxa eftir að hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi. Bakarís-fyrirlestrarnir eru samstarfsverkefni AkureyrarAkademíunnar og Brauðgerðarhúss Akureyrar og er markmið þeirra að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni.

Kastljósið

Hér er kastljósinu beint að tveimur einstaklingum í hópnum sem hafa aðsetur í húsnaði AkAk og núna eru það þau Sandra Rebekka Ö. Arnarsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands, og Þórhallur S. Bjarnason, véla- og orkutækni-fræðingur.

Sandra Rebekka Ö. Arnarsdóttir

Ég er fædd á Akureyri árið 1985 og sem stendur leigi ég aðstöðu í Akureyrar Akademíunni þar sem ég sinni doktorsnámi mínu.

Frá því að ég man eftir mér hef ég skapað og það eru líklega ekki margar leiðir til sköpunar sem ég hef ekki prófað á einhvern hátt. Með aldrinum fór ég þó að leggja aukna áherslu á sjónlist og tónlist og hef

stundað nám í hvoru tveggja. Ég sótti listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri og síðar stundaði ég nám í fagurlist við Myndlistarskólann á Akureyri. Ég hef verið í söngnámi við Tónlistarskólann á Akureyri af og til frá því að ég var sextán ára, bæði í klassískum söng og djass og dægurlagasöng.

Ég lauk B.Ed prófi árið 2011 og öðlaðist þar með kennararéttindi en áhersla mín var á myndlistarkennslu. Síðar lauk ég M.A prófi frá Háskólanum á Akureyri þar sem ég lærði sérkennslufræði og rannsakaði innleiðingu stafrænna ferilmappa. Síðustu átta ár hef ég starfað sem sjónlistakennari við Giljaskóla. Á þessum árum hef ég þróað námsmat byggt á nýrri aðalnámskrá fyrir list- og verkgreinar og þróað nýja skólanámskrá í sjónlistum út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Skólanámskráin byggir á listasögunni sem kveikju og miðar að því að nemendur ljúki yfirferð yfir listasöguna áður en grunnskólagöngu þeirra lýkur ásamt því að hafa fengið að vinna að fjölbreyttum verkefnum í ólíka miðla. Þá er einnig lögð áhersla á grenndarkennslu og menningarlegt hlutverk sjónrænna miðla í umhverfi nemenda. Í gegnum þessa vinnu hef ég búið til heildstæðan námsefnispakka þar sem námsefnið er tilbúið í sniðmáti ferilmappa fyrir hvert ár ásamt námsmatskvarða.

Frá hausti 2017 hef ég einnig starfað sem stundakennari við Háskólann á Akureyri og þá við kennaradeild skólans. Þar hef ég fengið að kenna verðandi kennurum og reynt að efla trú þeirra á eigin sköpunarmátt. Þannig tel ég að þeir séu líklegri til að nota skapandi og þar með fjölbreytta kennsluhætti með nemendum sínum. Listmenntun og skapandi hugsun eru hvorutveggja mikilvægt í menntakerfinu til að efla nemendur í ferli nýsköpunar. Það getur síðan nýst nemendum í námi, þvert á fög og áherslur og aldur og þroska nemenda.

Það er mér því mikilvægt að halda áfram rannsóknum á mikilvægi lista í menntun. Ég sé fram á að doktorsnámið muni gera mér kleift að auka eigin getu sem rannsakandi og fræðimaður. Mig langar til þess að geta lagt mitt af mörkum til þekkingarmyndunar á kennslu listgreina og þá sjónlistum sérstaklega. Vegna smæðar landsins er ávallt þörf á frekari fræðafólki í listkennslu.

List- og verkgreinakennsla á reglulega undir högg að sækja en um er að ræða dýrt nám með lítið atvinnuöryggi. Það er oft erfiðara að afla sér sérþekkingar í list- og verkgreinum á háskólastigi og því fara list- og verkgreinakennarar oft á mis við tækifæri til endurmenntunar. Þau tækifæri sem þó eru í boði eru oft ekki aðgengileg kennurum sem ekki búa í nálægð við höfuðborgarsvæðið. Menntun list- og verkgreinakennara fellur oft undir lönmenntun sem er ekki í formi ECT eininga og því minni hvati fyrir þessa kennara til að sækja sér frekari menntun en líkt og hjá öðrum þjóðum eru list- og verkgreinar ákveðin þjóðararfur sem mikilvægt er að vernda. Því þykir mér mikilvægt að efla fræðasamfélag þessara greina og vil taka virkan þátt í að efla eigin þekkingu og stuðla að fjölbreyttum rannsóknum á sviði list- og verkgreina.

Þórhallur S. Bjarnason

Þórhallur S. Bjarnason, véla- og orkutækni-fræðingur, hefur aðsetur hjá AkAk og vinnur að þróun á afurðaframleiðslu úr úrgangi. Nú í febrúar hlaut fyrirtæki Þórhalls, JT Consulting ehf., styrk frá [Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra](#) til að útfæra verkefnið nánar. Það felst í að safna hjólbörðum, umbúðaplasti og úrgangsolíu til framleiðslu á vistvænu eldsneyti með áherslu á framleiðslu fyrir báta og vinnuvélar. Hráefnissöfnun verður skipulögð í samvinnu við sorpsamlög og sveitarfélög, og

sérstaklega horft til sveitarfélaga á Norðurlandi. Þórhallur tekur einnig þátt í þróun á kolefnisfríu eldsneyti úr vistvænni orku og er einn af stofnendum fyrirtækisins Green Fuel ehf., en fyrirtækið hlaut styrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra á síðasta ári. Við óskum Þórhalli og félögum til hamingju með styrkinn.